**Bæjarstjórn Garðabæjar 6. (884)/2021**

Boðað er til 6. (884). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2103603 - Tillaga um að fundir bæjarstjórnar og nefnda verði með fjarfundarbúnaði.
2. 2103040F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/3 '21.

   2103373 - Erindi Strætó bs. um heimild fyrir yfirdrætti, dags. 02.03.21.

   2102362 - Samkomulag við Urriðaholt ehf. um uppbyggingu 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

3. 2103051F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/3 '21.
4. 2104007F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/4 '21.

   2101238 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar við Lindarflöt 10.

   2002267 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 7.

   2012104 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar Alþjóðaskólans.

   2007072 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi vinnureglur um veggi og girðingar.

   2103406 - Bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi staðfestingu á umsókn Brynju Hússjóðs ÖBÍ um stofnframlag, dags. 15.03.21.

   2103405 - Bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi staðfestingu á umsókn Bjargs íbúðafélags um stofnframlag, dags. 15.03.21.

5. 2103032F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 17/3 '21.
6. 2103023F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/3 '21.
7. 2104010F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 12/4 '21.
8. 2103025F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 18/3 '21.
9. 2103048F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/4 '21.

10. 2103035F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 24/3 '21.

11. 2101049F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 26/1 '21.

12. 2103053F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 30/3 '21.

13. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/3 '21.

14. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 17/3 '21.

15. 2102176 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 26/2 og 12/3 '21.

16. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 31/3 '21.

17. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 10/3 '21.

18. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12/3 '21.

19. 2104190 - Tillaga um að útfæra sumarstörf fyrir ungmenni þar sem markmiðið er að varðveita sögulegar myndir frá Garðabæ.

20. 1909412 - Reglur Garðabæjar um stuðningsþjónustu.

21. 2012333 - Ársreikningur Garðabæjar 2020 (síðari umræða)

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**
**5. (883). fundur 2021**

Fimmtudaginn 18. mars 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vefsíðu bæjarins.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 4. mars 2021 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2103011F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/3 '21.**

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði, 5. tl., tillögu um framlengingu á umsóknarfresti vegna tómstunda- og íþróttastyrkja 11. tl., bréf Brynju leigufélags varðandi umsókn um stofnframlag vegna ársins 2021 og 13. tl., bréf Gunnars Jónssonar varðandi gatnamál að Hleinahverfi,

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 13. tl., bréf Gunnars Jónssonar varðandi gatnamál að Hleinahverfi.

Gunnar Einarsson, ræddi 11. tl., bréf Brynju leigufélags varðandi umsókn um stofnframlag vegna ársins 2021 og 13. tl., bréf Gunnars Jónssonar varðandi gatnamál að Hleinahverfi

Fundargerðin sem er 17 tl., er samþykkt samhljóða.

**2. 2103028F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/3 '21.**

Ingvar Arnarson, ræddi 22. tl., Betri Garðabær - hugmyndasöfnun og íbúakosningu, 23. tl., bréf UMF Stjörnunnar varðandi rekstur Garðaholts og 29. tl., sölu lóða í Vetramýri.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 22. tl., Betri Garðabær - hugmyndasöfnun - íbúakosningu.

Almar Guðmundsson, ræddi 29. tl., sölu lóða í Vetrarmýri.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 29. tl., sölu lóða í Vetrarmýri.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóða við Mávanes og Blikanes og 9. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Gunnar Einarsson, ræddi 29. tl., sölu lóða í Vetrarmýri.

*Afgreiðsla mála.*
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna breyttrar landnotkunar á reit 2.06 við Brekkuás sem breytist úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðabyggð. *(Mál nr. 2010333)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr., sbr. 2. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) vegna breytingar á skilgreiningu á lóðinni við Brekkuás 2 sem breytist úr lóð fyrir samfélagsþjónustu í lóð fyrir íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði búsetukjarni fyrir fatlað fólk. *(Mál nr. 2005435)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að falla frá breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna stækkunar byggingarreita lóða ofan við götu við Blikanes og Mávanes. Tillagan var kynnt samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og komu fram almenn mótmæli íbúa gagnvart tillögunni. *(Mál nr. 2012070)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata í tilefni umsóknar um að heimilað verði að bygging við lóðarmörk lóðarinnar við Smáraflöt 4 verði 11,8 m á lengd en í skilmálum er heimiluð lengd 7,5 m. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Smáraflatar 1,2,4,5 og 6 og Stekkjarflatar 5,7 og 9. *(Mál nr. 2101220)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata í tilefni umsóknar um viðbyggingu sem fer út fyrir byggingarreit lóðarinnar við Stekkjarflöt 25. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Smáraflatar 20 og 22 og Stekkjarflatar 20,21,22 og 23. *(Mál nr. 2102132)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Lunda í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits lóðarinnar við Espilund 3. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Espilundar 1,2,4,5 og 6 og Víðilundar 2,4 og 6. *(Mál nr. 2101295)*

Bæjarstjórn samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um deiliskipulag 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts sem er svæði fyrir nýja íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi norðan við Urriðaholtsstræti auk útivistarsvæðis næst Flóttamannaveginum. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. og var samhliða auglýst breyting á aðalskipulagi. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:
Feldur verður niður glertengigangur á 3. og 4. hæð miðhluta fjölbýlishússins við Urriðaholtsstræti 9, en miðhlutinn er 2 hæðir.
Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær. *(Mál nr. 1811125)*

Bæjarstjórn samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 36, gr. laganna, um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er nær til landnotkunarreits í Urriðaholti sem er merktur 5.04 Vþ. Í tillögunni er gert ráð fyrir að á svæðinu verði heimiluð íbúðarbyggð ásamt atvinnuhúsnæði. Íbúðarhúsnæði skal vera innan 50% af heildarbyggingarmagni á skipulagsvæðinu. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga og samhliða var auglýst tillaga að deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.
Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun til meðferðar samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga og jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær. *(Mál nr. 2008336)*

Bæjarstjórn samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fella úr gildi deiliskipulag Viðskiptastrætis Urriðaholts samhliða samþykkt á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts. *(Mál nr. 1912215)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hólmatúns í tilefni umsóknar um leyfi fyrir smáhýsi á lóðinni við Hólmatún 25. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Hólmatúns 6.8.10.10a,23a,24,26 og 29. *(Mál nr. 2102057)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna gatnagerðar í Kumlamýri. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag fyrir Kumlamýri. *(Mál nr. 2010384)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir skólpdælustöð í Breiðumýri. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag fyrir Breiðumýri. *(Mál nr. 2004123)*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lagningu útivistarstígs í Garðahrauni efra. Um er að ræða stíg milli Molduhrauns og Flata að Bæjargarði og einnig hliðarstíg frá þeim stíg við norðurmörk Molduhrauns að vegstæði fyrirhugaðs Álftanesvegar. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag Bæjargarðs og Garðahraun efra - fólkvangur.
Samkvæmt 10. gr. auglýsingar um stofnun fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ nr. 510/2014 þarf að liggja fyrir leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda innan marka fólkvangsins. *(Mál nr. 1806404)*

Bæjarstjórn samþykkir að fallast á athugasemdir Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag Vetrarmýrar og uppfæra deiliskipulagsgögn í samræmi við þær. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 19. nóvember 2020. *(Mál nr. 1910293)*

Bæjarstjórn samþykkir að fallast á athugasemdir Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag norðurhluta Hnoðraholts og uppfæra deiliskipulagsgögn samræmi við þær. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 19. nóvember 2020. *(Mál nr.1906192)*

Fundargerðin sem er 30 tl. er samþykkt samhljóða.

**3. 2103020F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 12/3 ´21.**

Björg Fenger, ræddi 3. tl., húsnæðismál Taflfélags Garðabæjar og 6. tl., opnun og vígslu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., þjónustusamning um Mýrina og önnur mál, kynningu fyrir frjáls félög á fjölnota íþróttahúsi.

Fundargerðin er lögð fram.

**4. 2103013F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 8/3 ´21.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., kynningu á útibúum bókasafns í Urriðaholti og á Álftanesi og kynningu á breytingum á húsnæði aðalsafns við Garðatorg, 4. tl., jazzhátíð Garðabæjar 2021, og 5. tl., barnamenningarhátíð Garðabæjar 2021.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., menningardagskrá vegna vígslu fjölnota íþróttahúss, 4. tl., jazzhátíð Garðabæjar 2021 og 5. tl., barnamenningarhátíð Garðabæjar 2021.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., menningardagskrá vegna vígslu fjölnota íþróttahúss og svaraði fyrirspurnum.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 6. tl., önnur menningarmál.

Fundargerðin er lögð fram.

**5. 2103007F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 4/3 '21.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., borgarlínuna – frumdrög að fyrstu lota, 2. tl., tillögu að breyttu aðalskipulagi Kópavogs og að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Kópavogs, 3. tl., þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 og 4. tl., undirbúning Vegagerðarinnar að útfærslu Reykjanesbrautar til framtíðar.

Fundargerðin er lögð fram.

**6. 2103016F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/3 '21.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A. Sigurður lagði fram eftirfarandi bókun sem hann lagði einnig fram á fundi skipulagsnefndar í tilefni af bókun Baldurs Ó Svavarssonar, fulltrúa Garðabæjarlistans í skipulagsnefnd.

"Það er vægast sagt sérstakt að koma með bókun sem þessa. Mál koma ýmist fyrst fram í skipulagsnefnd eða eru send skipulagsnefnd frá bæjarstjórn. Þetta er svipað og að gera athugasemd eftir mark í íþróttaleik vegna þess að boltinn hafi borist fyrir frá vinstri en ekki hægri. Skipulagsnefnd hefur lögformlegan tilgang samkvæmt skipulagslögum og þar eru öll skipulagsmál í sveitarfélaginu unnin, skipulagsmál eru ekki og verða aldrei gæluverkefni og er svona rakalausri þvælu vísað til föðurhúsanna.
Þá er það með eindæmum ósmekklegt að gera athugasemdir við það að skipulagsáætlanir sem samþykktar hafi verið í sveitarfélaginu séu kynntar kjörnum fulltrúum, en líklega vill minnihluti Garðabæjarlistans lifa í myrkrinu óupplýstir um flest mál og fer það þvert gegn meintum ásetningi þeirra um opin og lýðræðisleg vinnubrögð. Það var af fyrirhyggju sem meirihluti sjálfstæðismanna stóð að kaupum á landi Garðaholts fyrir u.þ.b. 50 milljónir árið 1992. Garðaholtið er um 410 hektarar og þar af er Garðahverfið um 79 hektarar. Það má að sjálfsögðu verðmeta hvern fermetra lands í Garðabæ með tilliti til sölu byggingarréttar og verða ríkur. Verðmæti fyrir bæjarbúa snúast ekki síður um að búa í nálægð við opin svæði þannig að lífsgæða verði sem best notið, opin svæði auka lífsgæði og verðmæti þeirra eigna sem eru byggðar á hverjum tíma. Dýrustu byggingar í London og New York eru við Hyde Park og Central Park. Seltjarnarnes sem hefur takmarkað byggingarland hefur lagt áherslu á að halda í opnu svæðin á Gróttu, á vestursvæðinu þar eru u.þ.b 50 hektarar undir opin svæði. Þá skýtur það ákaflega skökku við að vísa til einhverra meintra sérhagsmuna í bókuninni, enda ekki gerð minnsta tilraun til að undirbyggja slíka makalausa staðhæfingu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, hafa í nefndarstörfum, bæjarráði og bæjarstjórn haft hagsmuni bæjarins og allra bæjarbúa að leiðarljósi. Það mun verða gert hér eftir, sem hingað til."

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A. og fór fram á að bókun Baldurs Ó. Svavarssonar sem lögð var fram á fundi skipulagsnefndar verði færð til bókar í fundargerð bæjarstjórnar. Þá ræddi Ingvar 8. tl., breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar Alþjóðaskólans.

"Undirritaður fagnar framkominni tillögu og mikilvægu skrefi í átt að þéttingu byggðar við Borgarlínu. Furða mig hins vegar á ferli málsins sem ekkert hefur komið til umræðu í nefndinni sl. 2 ár, en birtist nú skyndilega sem tillaga í bæjarstjórn. Að öllu eðlilegu hefði skipulagsnefnd átt að vera fyrsti viðkomustaður til kynningar og umræðu og þaðan vísað til bæjarstjórnar. Nema að það sé ásetningur meirihlutans líkt og kannski verið hefur að skipulagsnefnd bæjarins verði aðeins formlegur viðkomustaður tillagna og gæluverkefna meirihlutans til samþykktar þegar hentar. Þá er einnig sérstakt við framsetningu þessarar tillögu að samdægurs kynnir meirihlutinn með klukkustundar fyrirlestri í bæjarráði, sérstakt gæluverkefni þ.e. Garðahverfisskipulagið og að úthlutun hefjist á lóðum þar, í einhverju dreifbýlasta skipulagssvæði norðan Alpafjalla. 30 íbúðir á 80 hektra, dreift nær skipulagslaust um túnin þar. Skipulag sem aldrei mun nást að fylgja eftir sem því Disneylandi fortíðar sem þarna er stefnt að. Á þessum hluta Garðaholts mætti með hæfilega þéttri byggð, koma fyrir a.m.k. 1000-1500 íbúðum eða um 100-150.000 byggðum fermetrum (miðað við t.d. 100 m² pr. íbúðareiningu) . Ef við gefum okkur að byggingarréttur væri þarna seldur á segjum 50 þús. kr. /m² líkt og t.a.m. í Urriðaholti, er hér um 6-7 milljarða verðmæti að ræða ! Dygði bæjaryfirvöldum nokkurn veginn fyrir knatthúsinu góða og eins og einum grunnskóla fyrir afganginn. Notabene bærinn fékk þetta land nær gefins frá ríkinu. Hér er ekki aðeins verið að fórna einstöku byggingarlandi fyrir okkur bæjarbúa með einstökum möguleikum til þéttingar byggðar þar sem risið gæti allt að 5-6000 mann sjálfbær byggðakjarni á Holtinu öllu. Heldur einnig skv. framansögðu er þar fórnað gríðarlegum verðmætum okkar Garðbæinga á altari fortíðarblætis og sérhagsmuna.“

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A og 8. tl., breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar Alþjóðaskólans.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., tillögu um að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Fundargerðin er lögð fram.

**7. 2101044F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 4/3 ´21.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., þróunarsjóð grunnskóla, 2. tl., endurskoðun skólastefnu Garðabæjar, 4. tl., skóladagatal leik- og grunnskóla 2021 til 2022, 5. tl., skólamat í grunnskólum og 8. tl., áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum.

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., skólamat í grunnskólum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 5. tl., skólamat í grunnskólum og svaraði fyrirspurnum.

Fundargerðin er lögð fram.

**8. 2103015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/3 '21.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 4. tl., loftgæðamælingar og 5. tl., umgengnisreglur í friðlandinu.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., uppgræðslu á beitarhólfi í Krísuvík, 4. tl., loftgæðamælingar og 5. tl., umgengnisreglur í friðlandinu.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 4. tl., loftgæðamælingar og 5. tl., umgengnisreglur í friðlandinu.

Harpa Þorsteinsdóttir, 5. tl., umgengnisreglur í friðlandinu.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi og 5. tl., umgengnisreglur í friðlandinu.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., uppgræðslu á beitarhólfi í Krísuvík og 8. tl., útvegun á landsvæði fyrir skógrækt.

Fundargerðin er lögð fram.

**9. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 1/3 '21.**

Fundargerðin er lögð fram.

**10. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. frá 3/3 '21.**

Fundargerðin er lögð fram.

**11. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 3/2 '21.**

Fundargerðin er lögð fram.

**12. 2102441 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 5/3 '21.**

Fundargerðin er lögð fram.

**13. 2103323 - Tillaga Garðabæjarlistans um flýtingu frumdraga á leið D í samgöngusáttmála Betri samgangna.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að kallað verði eftir því að vinnu frumdraga fyrir leið D verði flýtt og hafin sem allra fyrst. Tillagan verði send til stjórnar SSH til afgreiðslu.“

Greinargerð
Borgarlína er eitt viðfangsmesta verkefnið sem sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins hafa staðið að í sameiningu. Nú hafa frumdrög fyrsta kafla litið dagsins ljós og því mikilvægt að sveitarfélögin öll styðji vel við framkvæmdina og bregðist hratt við þeim aðstæðum sem upp koma hverju sinni. Nú er ljóst að ýmsar framkvæmdir eru á eftir áætlun og því gæti skapast rými til að horfa til annarra liða í sáttmála sem mætti ýta framar í tímalínu.
Frumdrög er fyrsta skref og ekkert því til fyrirstöðu að hefja þá vinnu eins fljótt og auðið er. En til þess þarf að byrja á útboði til að fá ráðgjafa til að vinna vinnuna. Útboðið tekur á bilinu 3-5 mánuði eftir því hversu umfangsmikið það er og hversu hratt Vegagerðin/Betri samgöngur vinna.
Sjálf vinnan við frumdrögin tekur síðan á bilinu 6-9 mánuði að vinna.

Þar sem þessi leið er ekki á dagskrá fyrr en 2027 þá má gera ráð fyrir að gerð frumdraga byrji ekki fyrr en árið 2026. Með því að þrýsta á gerð frumdraga núna árið 2021 eða 2022 er hægt að byrja 4-5 árum fyrr á leið D (gefið að fjármagn fáist).
Sveitarfélögin þurfa að standa hvert með öðru og vinna þetta eins þétt sama og mögulegt er.

Sigurður Guðmundsson, tók til máls og ræddi framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, tók til máls og ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls og ræddi framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, tók til máls og lagði til að tillögunni verði vísað til bæjarráðs.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

**14. 2101004 - Kosning eins varamanns í fjölskylduráð.**

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa Guðlaug Kristmundsson sem varamann í fjölskylduráð í stað Árna Björns Kristjánssonar.

**15. 2101230 - Ráðning í starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs.**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri lagði fram tillögu um að ráða Svanhildi Þengilsdóttur í starf sviðsstjóra.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu bæjarstjóra að ráða Svanhildi Þengilsdóttur í starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Svanhildur er með B.Sc. í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands og B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Reykjavíkur.
Svanhildur býr yfir víðtækri rekstrar- og stjórnunarreynslu. Hún hefur gegnt starfi forstöðumanns stuðnings- og öldrunarþjónustu Garðabæjar frá árinu 2019. Svanhildur var svæðisstjóri Heilsugæslu Mosfellsumdæmis á árunum 2016 – 2019, yfirmaður þjónustu- og ráðgjafadeildar aldraðra í Kópavogi frá 2004 – 2016, deildarstjóri heilbrigðissviðs Rauða kross Íslands 2001 – 2004 og skólastjóri Sjúkraflutningaskólans frá árinu 1996-2001.

**16. 2012333 - Ársreikningur Garðabæjar 2020 (Fyrri umræða)**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2020. Gerði bæjarstjóri grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins og lykiltölum. Gunnar þakkaði starfsmönnum bæjarins fyrir þeirra hlut að góðum rekstri bæjarins.

Bæjarstjóri lagði til að vísa ársreikningnum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls og lýsti ánægju með góða útkomu í ársreikningi Garðabæjar árið 2020 og færði starfsmönnum bæjarins þakkir bæjarstjórnar fyrir þeirra þátt í þessari góðu niðurstöðu.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa ársreikningi Garðabæjar 2020 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 18. mars 2021 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Fundargerð bæjarstjórnar 18. mars 2021 lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**11. (1969). fundur 2021**

Þriðjudaginn 23. mars 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2103361 - Tunguás 8 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sæmundi Friðjónssyni, kt. 190479-5019, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús við Tunguás 8.

2. **1911186 - Víkurgata 4 -Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Kristínu Hjördísi Ásgeirsdóttur, kt. 050352-4049 leyfi til að byggja einbýlishús við Víkurgötu 4.

3. **2004123 - Opnun tilboða í framkvæmdir við skólpdælustöð í Breiðumýri.**
Eftirfarandi tilboð bárust við opnun tilboða í framkvæmdir við byggingu skólpdælustöðvar í Breiðumýri.

| | |
|---|---|
| Berg Verktakar ehf., kt. 560816-1460 | kr. 142.873.562 |
| Óskatak ehf., kt. 440107-0600 | kr. 158.534.003 |
| Ístak hf., kt. 430214-1520 | kr. 162.910.958 |
| | |
| Kostnaðaráætlun | kr. 147.116.550 |

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Berg Verktaka ehf. ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

4. **2010384 - Opnun tilboða í framkvæmdir við gatnagerð í Kumlamýri.**
Eftirfarandi tilboð bárust við opnun tilboða í framkvæmdir við gatnagerð í Kumlamýri.

| | |
|---|---|
| Berg Verktakar ehf., kt. 560816-1460 | kr. 327.994.887 |
| Íslenskir aðalverktakar hf., kt. 660169-2379 | kr. 334.934.491 |
| Loftorka Reykjavík ehf. , kt. 571285-0459 | kr. 268.700.000 |
| Háfell ehf., kt. 500907-1770 | kr. 357.362.076 |
| Grafa og Grjót ehf., kt. 580202-2090 | kr. 306.849.391 |
| Óskatak ehf., kt. 440107-0600 | kr. 265.538.682 |
| | |
| Kostnaðaráætlun | kr. 387.243.012 |

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Óskatak. ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

5. **2103398 - Tilkynning frá Kópavogi varðandi auglýsingu og kynningu á nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.**
   Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

6. **2102214 - Fundarboð aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga.**
   Lagt fram.

7. **2103324 - Áskorun Bændasamtaka Íslands til sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir, dags. 16.03.21.**
   Bæjarráð vísar áskoruninni til kynningar í leikskólum og grunnskólum bæjarins. Bæjarráð felur sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs að leita upplýsinga hjá Skólamat ehf. um málið.

8. **2103326 - Bréf Samtaka iðnaðarins varðandi áskorun til sveitarfélaga um endurákvörðun álagningar stöðuleyfisgjalda, dags. 15.03.21.**
   Lagt fram.

9. **2103355 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 17.03.21.**
   Lögð fram.

10. **1905124 - Bréf Vegagerðarinnar varðandi þátttöku í kostnaði við sjóvarnir 2021.**
    Bæjarráð samþykkir þátttöku í kostnaði með Vegagerðinni í sjóvörnum á Álftanesi. Áætlaður heildarkostnaðar er 25,1 mkr og hlutur Garðabær 3,1 mkr.

11. **2103358 - Bréf Hjallastefnunnar varðandi rekstur leikskólanna Litlu Ása og Hnoðraholts á Vífilsstöðum, dags. 11.03.21.**
    Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og leggur áherslu á að Hjallastefnan standi við að útvega Garðabæ þau rými sem bærinn á rétt á samkvæmt samningi.

12. **2101446 - Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga um frestun landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2021, dags. 17.03.21.**
    Lögð fram.

13. **2103371 - Tilkynning frá forsætisráðuneytinu um nýja stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum, dags. 18.03.21.**
    Lögð fram.

14. **2103373 - Erindi Strætó bs. um heimild fyrir yfirdrætti, dags. 02.03.21.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja beiðni stjórnar Strætó bs. um heimild til að sækja um yfirdráttarheimild á reikning félagsins hjá Arion banka að fjárhæð kr. 300.000.000. Heimildin er veitt til að tryggja í öryggisskyni nægt fjármagn til fjárstreymis Strætó bs. út árið 2021.

15. **2103377 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi skýrslu um lóðarleigusamninga, dags. 15.03.21.**
Lögð fram.

16. **2103316 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90 2018, 585. mál., dags. 16.03.21.**
Lagt fram.

17. **2103396 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísanir, dvalar- og atvinnuleyfi), 602. mál., dags. 18.03.21.**
Lagt fram.

18. **2103317 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað, 495. mál., dags. 16.03.21.**
Lagt fram.

19. **2103360 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 (fjölgun jöfnunarsæta), 496. mál., dags. 16.03.21.**
Lagt fram.

20. **2103359 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (borgarafundir, íbúakosningar um einstök mál), 491. mál., dags. 16.03.21**
Lagt fram.

21. **2102362 - Samkomulag við Urriðaholt ehf. um uppbyggingu 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samning við Urriðaholt ehf. um uppbyggingu samkvæmt deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

22. **2102297 - Svar við fyrirspurn um skipulag o.fl. í Garðahverfi.**
Lagt fram.

23. **2103323 - Tillaga Garðabæjarlistans um flýtingu frumdraga á leið D í samgöngusáttmála Betri samgangna.**
Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 18. mars 2021 var eftirfarandi tillögu Garðabæjarlistans vísað til bæjarráðs.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að kallað verði eftir því að vinnu frumdraga fyrir leið D verði flýtt og hafin sem allra fyrst. Tillagan verði send til stjórnar SSH til afgreiðslu.“

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að senda erindi til Betri samgangna ohf. þar sem farið verði fram á að kannaður verði sá möguleiki að flýta vinnu við gerð frumdraga fyrir leið D þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir mun fyrr en áætlað er að því gefnu að fjárveitingar verði fyrir hendi.

**24. 1902222 - Sala lóða í Vetrarmýri.**

Bæjarstjóri kynnti drög að skilmálum forvals og auglýsingu vegna ráðgjafaþjónustu við úthlutun lóða og sölu byggingarréttar í Vetrarmýri.

Bæjarráð samþykkir skilmálana og felur bæjarstjóra að auglýsa forval þar sem óskað er eftir umsóknum um þátttökurétt í lokuðu útboði vegna kaupa að ráðgjafarþjónustu við úthlutun lóða og sölu byggingarréttar í Vetrarmýri.

Ingvar Arnarson, situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 23. mars 2021 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**12. (1970). fundur 2021**

Þriðjudaginn 30. mars 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1436/2020 og samþykkt bæjarráðs í dag.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2003237 - Tillaga um að fundir bæjarstjórnar og nefnda verði með fjarfundarbúnaði.**
   Lögð fram eftirfarandi tillaga.

   "Bæjarráð samþykkir að heimilað verða að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda sveitarfélagsins og víkja frá skilyrði í 3. mgr. 17.gr. sveitarstjórnlaga þar sem áskilnaður er um miklar fjarlægðir eða erfiðar samgöngur innan sveitarfélagsins, sbr. 1. tl. í auglýsingu ráðherra. Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir verði lesnar upp í lok fundar og samþykktar. Fundargerðir skulu sendar fundarmönnum með tölvupósti og undirritaðar með rafrænum undirskriftum, sbr. 5. tl. í auglýsingu ráðherra. Samþykkt þessi gildir til 30. apríl 2021, sbr. auglýsing nr. 1436/2020, um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020"

   Tillagan samþykkt samhljóða.

2. **2001444 - COVID19 - neyðarstig almannavarna.**
   Hertar reglur um sóttvarnarráðstafanir tóku gildi á miðnætti sl. miðvikudag. Tíu manna fjöldatakmörkun verður meginreglan og grunn-, framhalds-, tónlistar-, og háskólum var lokað fram að páskafríi. Leikskólar verða opnir. Margvísleg starfsemi hefur verið stöðvuð og gert að loka og falla sundstaðir þar undir. Íþróttir inni og úti jafnt barna og fullorðinni, sem krefjast meiri nálægðar en 2 metra eða þar sem hætta er á snertismiti vegna sameiginlegs búnaðar, eru óheimilar. Hertar reglur munu gilda í þrjár vikur eða til 15. apríl 2021. Reglur um lokun skóla gildir til 31. mars 2021 en unnið er að gerð nýrra regla um fyrirkomulag skólahalds að loknu páskafríi.

   Upplýst var um að starfsemi á bæjarskrifstofum hefur verið hólfaskipt að nýju og hluti starfsmanna er í fjarvinnu. Allir fundir eru fjarfundir nema einstaka viðtalsfundir sem eru í Sveinatungu.

   Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og yfirfélagsráðgjafi fóru yfir stöðu mála á sínum sviðum.

3. **2102194 - Austurhraun 7 - Umsókn um byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Austurhrauni ehf., kt. 550206-0990, leyfi til að breyta innra skipulagi í núverandi atvinnuhúsnæði við Austurhraun 9.

4. **2102224 - Eikarás 3 -Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Birnu Kemp, kt. 270466-5089, leyfi til að taka í notkun óuppfyllt rými, setja í nýja glugga og reisa innveggi í núverandi einbýlishúsi við Eikarás 3.

5. **2101089 - Kinnargata 43 - 45 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Urriðaholtsstræti 28 ehf., kt. 620217-0180, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 15 íbúðum við Kinnargötu 43-45.

6. **2103469 - Bókun skipulagsráðs Hafnarfjarðar vegna lokunar Garðahraunsvegar (Gamla Álftanesvegar) við Herjólfsbraut, dags. 23.03.21.**
Bæjarráð lýsir yfir undrun á afstöðu skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þar sem ráðið mótmælir ákvörðun annars sveitarfélags við að framfylgja samþykktun skilmálum deiliskipulags. Lokun Garðahraunsvegar við gatnamót Herjólfsbrautar er í samræmi við ákvæði í deiliskipulagi sem gildir um íbúðarbyggð í Garðahrauni (Prýðahverfi) sem upphaflega var samþykkt árið 2003, sbr. breytingu frá árinu 2017. Það verður að teljast mjög eðlilegt og sanngjarnt gagnvart fjölmörgum íbúum Prýðahverfis að staðið sé við þær skuldbindingar sem fram koma í deiliskipulagi sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Það ætti að vera skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar skiljanleg afstaða.

   Aukning á umferð í norðurbæ Hafnarfjarðar er lang líklegast tilkomin vegna umferðar íbúa Hafnarfjarðar sem áður fóru til síns heima í gegnum íbúðahverfi í Garðabæ.

7. **2103455 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi kæru á framkvæmd við vegg á lóð við Hraungötu 10, dags. 23.03.21.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

8. **1909412 - Tillaga að reglum Garðabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.**
Bæjarráð vísar reglunum til afgreiðslu bæjarstjórnar.

9. **2103427 - Bréf Skjólsins um styrk, dags. 16.03.21.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu við úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2021.

10. **2103443 - Tilkynning fjármála- og efnahagsráðuneytisins um fjármálaáætlun 2022-2026, dags. 22.03.21.**
Lögð fram.

11. **2103491 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um loftferðir, 586. mál., dags. 24.03.21.**
Lagt fram.

12. **2103501 - Tillaga skólanefndar um úthlutunar úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021.**
Lögð fram afgreiðsla skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla 2021. Alls bárust 16 umsóknir þar af ein sem barst eftir að umsóknarfresti lauk. Skólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði kr. 14.000.000 til 14 verkefna.
Bæjarráð staðfestir tillögur skólanefndar um úthlutun styrkja, sbr. 4. gr. reglna um þróunarsjóð grunnskóla.

13. **2103521 - Svæði fyrir matjurtagarða í bæjarlandinu.**
Áslaug Hulda Jónsdóttir, lagði fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkir að undirbúa gerð svæða fyrir matjurtagarða þar sem bæjarbúar geta sótt um reit til afnota í sumar.

Greinargerð:
Garðabær á sér langa sögu þar sem bæjarbúar hafa fengið afnot af reitum í matjurtagörðum innan sveitarfélagsins til að rækta eigið grænmeti. Á tímum hringrásarhagkerfis þar sem sjálfbærni og minnkun kolefnislosunar er í aðalhlutverki hafa matjurtagarðar notið aukinni vinsælda. Matjurtagarðar falla einnig vel inn í verkefni um heilsueflandi samfélag og eflir lýðheilsu. Til viðbótar við það að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Skoða þarf mögulegar staðsetningar fyrir slíka reiti og undirbúa til ræktunar. Æskilegt er að matjurtagarðarnir verði kynntir í apríl og að bæjarbúar geti sótt um reit til leigu í byrjun maí.

Deildarstjóri umhverfis og framkvæmda upplýsti að hugmyndir eru um að setja 10 kör á þrjú svæði í bænum, í Urriðaholti, í Hæðahverfi og á Álftanesi. Fram kom að verið er að skoða möguleika á fleiri svæðum innan bæjarlandsins..

Bæjarráð samþykkir samhljóða framkomna tillögu.

14. **2103523 - Framlög til stjórnmálaflokka 2021**
Bæjarráð samþykkir eftirfarandi skiptingu á greiðslu til stjórnmálasamtaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2021.

| | |
|---|---|
| Sjálfstæðisflokkur | kr. 2.239.009 |
| Garðabæjarlistinn | kr. 1.015.653 |
| Miðflokkur | kr. 245.338 |
| Samtals: | kr. 3.500.000 |

Fyrir liggja gögn til staðfestingar á að ofangreind stjórnmálasamtök hafa sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart Ríkisendurskoðun samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**13. (1971). fundur 2021**

Þriðjudaginn 13. apríl 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í 1. mgr. 131. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. lög nr. 22/2021, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 354/2021 og samþykkt bæjarráðs frá 6. apríl 2021

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2001444 - COVID-19 - neyðarstig almannavarna.**
Í upphafi fundar bauð formaður Svanhildi Þengilsdóttur, nýráðinn sviðsstjóra fjölskyldusviðs, velkomna á fund bæjarráðs.

Bæjarstjóri fór yfir stöðu mála en núverandi reglugerðir um takmörkun á samkomum og takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar gilda til og með 15. apríl nk.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og sviðsstjóri fjölskyldusviðs fóru nánar yfir stöðu mála á sínum sviðum.

Starfsemi bæjarskrifstofa er hólfaskipt og hluti starfsmanna í fjarvinnu. Allir fundir eru fjarfundir nema einstaka viðtalsfundir sem eru í Sveinatungu.

Bæjarráð vill koma á framfæri mikilvægi þess að allt íþróttastarf barna og ungmenna og afreksstarf meistaraflokka verði leyft og leitað verði leiða til að opna sundstaði fyrir einstaklinga sem hafa verið bólusettir. Bæjarráð telur einnig rétt að skoða möguleika á að opna félagsstarf eldri borgara fyrir þá sem hafa verið bólusettir.

2. **1911231 - Víkurgata 16 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigurbirni Inga Magnússyni, kt. 260976-3039, leyfi til að byggja einbýlishús við Víkurgötu 16.

3. **2101238 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata vegna lóðarinnar við Lindarflöt 10.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata í tilefni umsóknar um að heimilað verði að bygging við lóðarmörk lóðarinnar við Lindarflöt 10 verði 9,6 m á lengd en í skilmálum er heimiluð lengd 7,5 m. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Lindarflatar nr. 7, 8, 9, 11, 12 og Smáraflatar nr. 42 og 44.

4. **2002267 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 7.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts samkvæmt 2. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lóðarinnar við Hraungötu 7. Tillaga var grenndarkynnt og barst athugasemd frá íbúum við Holtsveg.

Skipulagsnefnd samþykkir, til að koma á móts við athugasemdir íbúa, að gera eftirfarandi breytingu við tillögu sem kynnt var. „Svalagangur: Veggur stigagangs á milli húshluta skal vera lokaður á þeirri hlið sem snýr að Holtsvegi"

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun og auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt bæjarstjórnar skal kynnt þeim sem gerðu athugasemdir.

5. **2012104 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar Alþjóðaskólans.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að falla frá tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar Alþjóðaskólans. Tillagan var grenndarkynnt og bárust athugasemdir frá íbúum þar sem tillögunni var mótmælt.

6. **2102107 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi erindi um uppbyggingu og skipulag Setbergslands.**
Lögð fram.

7. **2101092 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Lunda varðandi lóðina við Asparlund 11-21.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Lunda samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna raðhúsalóðanna við Asparlund 11-21.

Tillaga var grenndarkynnt og bárust engar athugasemdir.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun og auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda.

8. **2012153 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Maríugötu 5-7.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lóðanna við Maríugötu 5-7.

Tillagan var auglýst og bárust engar athugasemdir.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun til meðferðar samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. **2011499 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á afrein á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Arnarnesvegar og gerð undirgangna.**
Á fundi skipulagsnefndar var gerð grein fyrir mögulegum breytingum á gatnamótum á brú við Arnarnesveg og Hafnarfjarðarveg þannig að afrein til suðurs verði tekin af og í þess í stað komi ljósastýring á beygju til suðurs.

Lagður fram tölvupóstur með undirskriftum fjölmargra íbúa á Arnarnesi þar sem fyrirhugaðri breytingu er harðlega mótmælt.

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til tækni- og umhverfissviðs og að við hönnun undirganga verði tekið mið að því að hafa afrein af Arnarnesvegi til suðurs óbreytta

10. **2007072 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi vinnureglur um veggi og girðingar.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um útgáfu á almennum leiðbeiningum til íbúa um veggi og girðingar á lóðum.

11. **2103425 - Opnun tilboða í eftirlit með gatnagerð í Kumlamýri.**
Eftirfarandi tilboð barst í eftirlit með framkvæmdum við gatnagerð í Kumlamýri.

| | |
|---|---|
| Hnit verkfræðistofa hf. | kr. 13.485.000 |
| Kostnaðaráætlun | kr. 16.711.250 |

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Hnit verkfræðistofu hf. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

12. **2103137 - Skilmálar um úthlutun hesthúsalóða við Kjóavelli.**
Bæjarráð samþykkir úthlutunar og söluskilmála hesthúsalóða á Kjóavöllum og felur bæjarstjóra að auglýsa lóðir við Sunnuvelli og Æsuvelli til úthlutunar.

13. **2011213 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi kæru á ákvörðun um óverulega breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún 36.**
Lagður fram.

14. **2103554 - Bréf Fagraáss ehf. um uppbyggingu í landi Sviðholts á Álftanesi (Krókur), dags. 25.03.21.**
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

15. **1902222 - Skilmálar forvals vegna sölu lóða í Vetrarmýri.**
Bæjarráð samþykkir auglýsingu og skilmála forvals vegna þjónustu við úthlutun lóða og sölu byggingarréttar í Vetrarmýri.

Ingvar Arnarson, situr hjá við afgreiðslu málsins.

16. **2103603 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi breytingar á ýmsum lögum um málefni sveitarfélaga í tilefni af Covid-19, dags. 31.03.21.**
Lögð fram.

17. **2102327 - Tillaga um tvöfalda mönnun á næturvöktum í skammtímadvöl á Móaflöt.**
Bæjarráð samþykkir tillögu um að tveir starfsmenn séu á næturvakt í skammtímadvöl á Móaflöt til að tryggja öryggi barna og starfsmanna.

18. **2104062 - Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands varðandi umsóknarfrest um styrki til Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 26.03.21.**
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og sviðsstjóra.

19. **2103591 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili, dags. 30.03.21.**
Lagt fram.

20. **2103553 - Tilkynning frá umhverfisráðuneytinu varðandi uppfærslu á viðauka við úrgangsforvarnir, dags. 29.03.21.**
Lögð fram.

21. **2103552 - Bréf Samgöngustofu varðandi beiðni um umsögn um staðsetningu ökutækjaleigu að Vesturhrauni 2., dags. 26.03.21.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að Gísla Jónssyni, kt. 240764-2889 f.h. Króks ehf., kt. 700109-0380 verði veitt leyfi til að starfrækja ökutækjaleigu að Vesturhrauni 2, 210 Garðabæ. Í umsókn kemur fram að sótt er um leyfi fyrir fimm ökutækjum í útleigu.

22. **2104009 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.), 622. mál., dags. 27.03.21.**
Lagt fram.

23. **2104106 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál., dags. 07.04.21.**
Lagt fram.

24. **2104115 - Ársreikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2020.**
Lagður fram.

25. **2104087 - Ársreikningur 19. júní sjóðs fyrir árið 2020.**
Lagður fram.

26. **2104124 - Ársreikningur Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2020**
Lagður fram.

27. **2103406 - Bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi staðfestingu á umsókn Brynju Hússjóðs ÖBÍ um stofnframlag, dags. 15.03.21.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja umsókn Brynju Hússjóðs ÖBÍ um stofnframlag að fjárhæð kr. 8.774.400 vegna kaupa á enni íbúð.

28. **2103405 - Bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi staðfestingu á umsókn Bjargs íbúðafélags um stofnframlag, dags. 15.03.21.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja umsókn Bjargs íbúðafélags hses. um stofnframlag að fjárhæð kr. 24.555.732 vegna fjölgunar íbúða um fimm að Maríugötu 5.

29. **2104120 - Kauptilboð Reir ehf. í fasteignina að Holtsbúð 87.**
Bæjarráð hafnar tilboðinu og vísar til bæjarstjóra að skoða nánar ástand hússins og möguleika á nýtingu þess.

**30. 2012333 - Ársreikningur Garðabæjar 2020 - stjórnsýsluskoðun.**
Stjórnsýsluskoðun lögð fram.

**31. 2104129 - Tillaga Garðabæjarlistans um kynningu á stöðu og innleiðingu á úrgangs- og innkaupastefnu Garðabæjar.**
Lögð fram eftirfarandi tillaga.

„Garðabæjarlistinn leggur til að fram fari kynning í bæjarráði á stöðu og innleiðingu á innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar.
Jafnframt að samhliða verði farið yfir stöðu Garðabæjar í öllum aðgerðum í umhverfis og loftslagsmálum.“

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að undirbúa kynningu i bæjarráði fyrir bæjarfulltrúa um stöðu málsins.

**32. 2103469 - Bókun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar vegna lokunar Garðahraunsvegar við Herjólfsbraut, dags. 09.04.21.**
Lögð fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

# AUGLÝSING

**um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga.**

Á grundvelli þess að ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir almannavarnaástandi á Íslandi vegna farsóttar af völdum COVID-19, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekið svofellda ákvörðun, með vísan til 3. mgr. 131. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags er öllum sveitarstjórnum heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir, sem fela m.a. í sér tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og 5. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna, nr. 1140/2013:

1. Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.
2. Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins með fjarfundarbúnaði.
3. Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.
4. Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé á um annað í samþykktum sveitarfélagsins.
5. Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.

Um er að ræða tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og 5. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna, nr. 1140/2013.

Sveitarstjórnum er heimilt að taka þessar ákvarðanir á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Heimild þessi tekur gildi 1. apríl 2021 og gildir til 31. júlí 2021.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. mars 2021.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hermann Sæmundsson.*

Bst/15/04/2021

Til bæjarstjórn

**Efni: Tillaga um að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar og nefnda.**

"Bæjarráð samþykkir að heimilað verða að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda sveitarfélagsins og víkja frá skilyrði í 3. mgr. 17.gr. sveitarstjórnlaga þar sem áskilnaður er um miklar fjarlægðir eða erfiðar samgöngur innan sveitarfélagsins, sbr. 1. tl. í auglýsingu ráðherra. Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir verði lesnar upp í lok fundar og samþykktar. Fundargerðir skulu sendar fundarmönnum með tölvupósti og undirritaðar með rafrænum undirskriftum, sbr. 5. tl. í auglýsingu ráðherra. Samþykkt þessi gildir til 31. júlí 2021, sbr. auglýsing nr. 354/2021, um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. 1. mgr. 131 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. lög nr. 22/2021"

**Fjölskylduráð Garðabæjar**
**4. fundur 2021**

Miðvikudaginn 17. mars 2021 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Eymundur Sveinn Einarsson varamaður, Kristinn Guðlaugsson varamaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2012375 - Umsókn um fjárhagsaðstoð**

   Tekið er fyrir mál nr. 2012375, umsókn um námsstyrk á vorönn 2021. Umsókn er samþykkt. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. **2103059 - Umsókn um fjárhagsaðstoð trygging húsaleigu**

   Tekin eru fyrir mál nr. 2102530 og nr. 2103059, umsóknir um tryggingu húsaleigu og húsbúnaðarstyrk. Umsóknir um tryggingu húsaleigu og húsbúnaðarstyrk eru samþykktar. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. **2101387 - Barnaverndarmál**

   Tekið er fyrir mál nr. 2101387, fjölskylduráð upplýst um beitingu neyðarráðstöfunar og takmörkun aðgengis að gögnum máls. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. **1903268 - Tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2018-2021**

   Tekið er fyrir mál nr. 1903268, tölulegar upplýsingar er varða velferð barna og fjölskyldna. Fjallað var um málið og helstu upplýsingar.

5. **2101289 - Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna**

   Tekið er fyrir mál nr. 2101289, frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarfrumvarp). Fjölskylduráð fjallar um efni frumvarpsins og fyrirhugaðar breytingar á málaflokki barna hjá sveitarfélögum. Fjölskylduráð fagnar tilkomu frumvarpsins sem stuðlar að samfellu í þjónustu við börn og snemmtækum íhlutunum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Leikskólanefnd Garðabæjar**
**22. fundur 2021**

Miðvikudaginn 17. mars 2021 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Ásta Kristín Valgarðsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Benedikt D. Valdez Stefánsson fulltrúi foreldra og Ína Sigrún Þórðardóttir varafulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2103233 - Þróunarsjóður leikskóla- kynning á vefsíðu**

   Upplýsingastjóri kynnti vefsíðu þróunarsjóðs leik - og grunnskóla.

2. **2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.**

   Fræðslustjóri kynnti tillögu að nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns og fjölbreytta menningarstarfsemi.

3. **2005227 - Innritun í leikskóla 2020**

   Leikskólanefnd var upplýst um innritun í leikskóla. Fjölgun er á börnum í sveitarfélaginu og þau börn sem fædd eru 2020 talsvert fjölmennari en árgangur 2015 sem fer í grunnskóla í haust.

4. **2001218 - Endurgerð menntastefnu**

   Leikskólanefnd var upplýst um vinnu við endurgerð menntastefnu. Vinnan byggir á spurningakönnunum og samtalölum við börn, foreldra, stjórnendur skóla og aðra hagsmunaaðila.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**
**30. fundur 2021**

Mánudaginn 12. apríl 2021 kl. 16:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2102116 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2021**

   Rætt um ábendingar sem borist hafa vegna útnefningar bæjarlistamanns Garðabæjar 2021.

2. **2104128 - Hvatningarsjóður ungra listamanna**

   Rætt um umsóknir úr Hvatningarsjóði sem nú þegar hafa borist en umsóknarfrestur er til 30. apríl.

3. **1711209 - Hofsstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun**

   Rætt um fyrirhugað verkefni tengt Minjagarðinum við Hofsstaði sem nú er að hefjast.

4. **2012072 - Gróska, endurnýjun samnings**

   Undirritun samstarfssamnings við Grósku fór fram 12. apríl.

5. **2102115 - Jazzhátíð Garðabæjar 2021**

   Undirritun samstarfssamnings við Sigurð Flosason hefur farið fram og drög að jazzhátíð 22.-25. apríl kynnt en hátíðin mun fara fram í beinu streymi frá Tónlistarskóla Garðabæjar.

6. **2104077 - Styrkumsókn**

   Menningarfulltrúi segir frá umsókn í Barnamenningarsjóð sem lögð var fram 8. apríl s.l. og snýr að dagskrá fyrir börn í tengslum við Minjagarðinn við Hofsstaði.

7. **2101137 - Barnamenningarhátíð í Garðabæ 2021**

   Menningarfulltrúi greinir frá frestun hátíðar til 4. ? 8. maí en dagskrá fyrir skólahópa mun fara fram í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og á yfibyggðum torgum á Garðatorgi. Ef sóttvarnir leyfa mun hátíðinni ljúka með dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

8. **2008671 - Önnur mál menningarmála**

   Næsti fundur menningar- og safnanefndar 3. maí.

Fleira ekki gert.

**Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks**
**2. fundur 2020**

Fimmtudaginn 18. mars 2021 kl. 09:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020

Fundinn sátu: Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður, Þorkell Jóhannsson aðalmaður, Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri, Pála Marie Einarsdóttir umsjónarþroskaþjálfi og Hildigunnur Árnadóttir umsjónarfélagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Pála Marie Einarsdóttir, Umsjónarþroskaþjálfi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2103344 - Ofbeldi gegn fötluðum á Íslandi**

   Mál númer 2103344 lagt fram, kynning Runólfs Þórhallssonar frá greiningardeild ríkislögreglustjóra. Niðurstöður erlendra rannsókna leiða í ljós að fatlaðir einstaklingar eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en ófatlaðir og konur og börn þar í sérstökum áhættuhópi. Áhyggjuefni er að fá mál rati inn á borð lögreglu og fyrir liggur að Löke kerfið býður ekki upp á sérstakar skráningar mála sem varða fatlað fólk. Upplýsti Runólfur að þær úrbætur standi yfir. Svipaðar rannsóknir vantar hins vegar hér á landi til að varpa ljósi á aðstæður fatlaðs fólks á Íslandi. Fyrir liggur að fjöldi heimilisofbeldismála hefur fjölgað verulega í heimsfaraldrinum og staða fatlaðs fólk mikið áhyggjuefni. Lögreglan hefur sett af stað verkefni með áherslu á fræðslu, aukna vitundarvakningu og að stuðla að bættari samvinnu lögreglu, sýslumanna, félagsþjónustu, barnaverndar og fræðasamfélagsins. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks leggur áherslu á mikilvægi samráðs og samvinnu við fatlað fólk í þeim endurbótum sem lögregluembættið stendur nú fyrir.

2. **2002291 - Staða biðlista í félagslegu leiguhúsnæði**

   Mál nr. 2002291, tekið fyrir, kynning Snædísar Björnsdóttur verkefnastjóra á fjölskyldusviði á stöðu biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Garðabæ og samanburði við stöðu í mars 2020. Samráðshópurinn fjallar um málið og starfsmenn svara spurningum ráðsins.

3. **1909412 - Reglur um stuðningsþjónustu**

   Tekið er fyrir mál nr. 1909412, drög að reglum Garðabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Samráðshópurinn fjallar um drögin og gerir ekki athugasemdir. Samþykkt er af hálfu samráðshóps um málefni fatlaðs fólk að leggja drögin fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til afgreiðslu.

4. **2103347 - NPA taxtar í Garðabæ**

   Mál 2103347 tekið fyrir, umræða um NPA taxta í Garðabæ. Fram komu athugasemdir um tímagjald NPA í Garðabæ og að það hafi ekki tekið kjarasamningsbundnum hækkunum á tímabilinu 2019 til 2021. Einnig voru gerðar athugasemdir við ósamræmi í NPA töxtum á höfuðborgarsvæðinu og lögð áhersla á að taxtar verði endurskoðaðir hið minnsta einu sinni á ári. Fyrir liggur að Garðabær hefur þrískipt sínum töxtum og hækkað þá, til samræmis við launavísitölu í desember, fyrir árið 2021 en bent er á að Garðabær er enn töluvert undir töxtum stærstu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Var því komið á framfæri að þegar svo er háttað þá er umsýsluaðilum NPA samninga í Garðabæ gert erfiðara fyrir í samkeppni um starfsfólk, það

er erfitt að fá gott starfsfólk og nauðsynlegt að geta greitt starfsfólki kjarasamningsbundin laun. Vísað er til þess að Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður hafi hækkað sína taxta til samræmis við kjarasamningshækkanir. Lagt er til að Garðabær endurskoði ákvörðun sína um taxta fyrir 2021 og hafi sína taxta til samræmis við þá taxta sem Reykjavíkurborg, Kópavogur og Hafnarfjörður hafa samþykkt. Mælst er til þess að samráðshópur, undirhópur SSH, verði endurvakinn þvert á sveitarfélög til að fjalla um NPA þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**
**5. fundur 2021**

Fimmtudaginn 8. apríl 2021 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2102111 - Víðiholt íbúðabyggð. Deiliskipulag**

   Eigendur lands Sveinskots í Breiðumýri María Rúnarsdóttir og Davíð Freyr Albertsson kynntu sig og fylgdu kynningu úr hlaði. Arnar Þór Jónsson arkitekt hjá Arkís kynnti drög að deiliskipulagi íbúðarbyggðar á landi Sveinskots í Breiðumýri sem hann hefur unnið á vegum landeiganda í samráði við Tækni-og umhverfissvið.
   Lagt hefur verið til heitið Víðiholt fyrir húsagötuna og skipulagsnefnd samþykkir það heiti.
   Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og Tækni-og umhverfissviði.

2. **2102110 - Félagssvæði Sóta. Deiliskipulag.**

   Arnar Þór Jónsson arkitekt hjá Arkís kynnti drög að deiliskipulagi fyrir hesthúsasvæði Sóta í Breiðumýri sem liggur að landi Sveinskots(Víðiholti).
   Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og Tækni-og umhverfissviði.

3. **2007072 - Vinnureglur um veggi og girðingar**

   Vísað til bæjarstjórnar og lagt til að tillögunni verði vísað í almenna kynningu.

4. **2104018 - Nýibær 2 - skipting lóðar - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

   Lögð fram fyrirspurn ábúanda Nýjabæjar II þar sem spurt er hvort heimilað yrði að leggja fram tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir lóð með byggingarreit fyrir einbýlishús innan húsagarðs Nýjabæjar II.
   Skipulagsnefnd er jákvæð gagnvart hugmyndinni og vísar henni til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjafa. Nefndin leggur til að fyrirspurnin hljóti meðferð sem ábending við mótun tillagna á breytingum á deiliskipulagi Garðahverfis sem nú er í forkynningu.

   Bókun frá Baldur Ó. Svavarssyni: Enn gerist það sem undirritaður óttaðist og varaði við þegar hið gildandi skipulag fyrir Garðahverfi var samþykkt - Stóraukin ásókn og fyrispurnir um uppskitingu lóða, um viðbótarlóðir og frávik frá skilmálum. Þeim, á bar eftir að fjölga. Fulltrúi Garðabæjarlistans í skipulagsnefnd ítrekar því enn fyrri bókanir á

umliðnum tveimur tímabilum og mótmælir enn og aftur þeim áherslum og vinnubrögðum sem lögð eru til grundvallar við gerð skipulags fyrir s.k. Garðahverfi á Gaðaholti einn síðasta skikinn í bænum sem ber einhverja byggð.

Enn skal því ítrekuð sú óskað að það landrými sem lagt er undir í þessu verkefni verði verðmetið og
það mat kynnt fyrir skipulagsnefnd, þetta eru jú fjármunir bæjarbúa

Enn er ítrekað og lagt til að beðið verði með allar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi á þessu svæði þar til að skipulag fyrir svæðið í heild liggur fyrir.

Ekki þarf að fjölyrða um sögu og menningu á Garðaholti. Sú staðreynd er flestum kunn. Skilt er að huga að þessari sögu, minjum og menningarverðmætum henni tengd. Það verður þó ekki gert með því að frysta tímann á staðnum. Enn er því ítrekað og lagt til að bærinn marki sér stefnu varðandi uppbyggingu og þróun þessa bæjarhluta alls áður en hann er hlutaður niður með þessum hætti í smærri bútasaumuð verkefni og hugað verði að afleiðingum þess byggðamynsturs sem þarna verður boðið upp á.

Með sama framhaldi stendur ekki steinn yfir steini yfir þessari svokölluðu „varðveislu byggðamynsturs 20. aldar“ sem ku vera markmið gildandi deiliskipulags. Nær verði því að kalla skipulagið „varðveislu skipulagsklúðurs 21. aldar“, ef svo framheldur sem horfir.

Fulltrúi G-lista Garðbæjarlistans í skipulagsnefnd

5. **2011213 - Kæra vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún36**

Úrskurður lagður fram.

6. **2012104 - Alþjóðaskólinn. Breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda sem gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreit skólalóðar við Þórsgrund þar sem fyrirugað er að reisa byggingu Alþjóðaskólans.
Íbúar í nágrenni skólans hafa andmælt breytingartillögunni.
Með vísan í athugasemdir íbúa er breytingartillögunni hafnað.

7. **2103294 - Ægisgrund 5 Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn að einnar hæðar einbýlishúsi á lóðinni Ægisgrund 5. Umsókn samræmist deiliskipulagi ágætlega.

8. **2103295 - Ægisgrund 3 Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn að einnar hæðar einbýlishúsi á lóðinni Ægisgrund 5.Umsókn samræmist deiliskipulagi ágætlega.

9. **2101092 - Asparlundur 19 - stækkun eignar baka til - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Lunda að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreita raðhúslengjunnar Asparlundur 11-21 (6 íbúðareiningar). Stækkun byggingareita er sem nemur innskotum að sunnanverðu.

Engar athugasemdir bárust og tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Lunda í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

**10. 2101238 - Lindarflöt 10 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir því að lengd bílageymslu á lóðarmörkum verður 9,6 m sem er 2,1 m lengri en deiliskipulag heimilar og 1,6 m lengri en núverandi bílageymsla.
Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Flata í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.
Grenndarkynna skal eigendum Lindarflatar nr. 7,8,9,11 og 12 sem og Smáraflatar nr.42 og 44.
Baldur Ó. Svavarsson víkur af fundinum undir þessum lið.

**11. 2103223 - Árakur 33 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**12. 2012166 - Keldugata 14 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Grenndarkynningu lýkur 31. mars 2021

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags að lokinni grenndarkynningu. Eitt erindi með athugasemdum hefur borist. Vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði . Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir víkur af fundinum undir þessum lið.

**13. 2012153 - Maríugata 5-7 - Breyting á dsk Urriðaholts Austurhluta**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipuags Urriðaholts Austurhluta að lokinni auglýsingu í samræmi við 1.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og 1.mgr.43.gr.sömu laga.
Engar athugasemdir bárust.
Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.

**14. 2103205 - Maríugata 9-11 deiliskipulagsbreyting - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Vísað til tækni- og umhverfissviðs til nánari skoðunar með lóðarhafa.

**15. 2103204 - Maríugata 13-15 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Vísað til tækni- og umhverfissviðs til nánari skoðunar með lóðarhafa.

**16. 2103593 - Kinnargata 92 - stækkun bílakjallara -Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Umsókn um deiliskipulagsbreytingu vísað til umsagnar hjá deiliskipulagsráðgjafa.

**17. 2103337 - Urriðaholt - Hydrologic performance of grass**

Lagt fram.

**18. 2002267 - Hraungata 7 - DSK breyting**

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu í annað sinn að lokinni grenndarkynningu. Lögð fram athugasemd sem borist hefur þar sem nágrannar lýsa yfir áhyggjum af því að lýsing í stigahúsi gæti verið truflandi.
Skipulagsnefnd leggur til að eftirfarandi setningu verði bætt við sem ákvæði í

byggingarskilmála undir liðnum "Svalagangur": Veggir stigagangs á milli húshluta skal vera lokaður á þeirri hlið sem snýr að Holtsvegi.
Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindri breytingu sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts Vesturhluta í samræmi við 2.mgr.43.gr Skipulagslaga nr.123/2010.
Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

**19. 2011499 - Hönnun - Útboð - Undirgöng Arnaneshæð**

Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda gerði grein fyrir tillögu að breytingu gatnamóta götunnar Arnarnesvegar við Arnarnes og Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir breytingu á afrein úr vestri til suðurs vestan við brúna yfir Hafnarfjarðarveg. Þetta er gert til þess að koma fyrir undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi umferð undir Arnarnes. Skipulagsnefnd (umferðarnefnd) gerir ekki athugasemd við útfærsluna. Baldur Ó. Svavarsson víkur af fundi undir þessum lið.

**20. 2102107 - Setberg. Fyrirspurn um breytingu á skipulagi.**

Lagt fram erindi Byggingarfélags Gylfa og Gunnars varðandi uppbyggingu og breytingar á skipulagi Setbergslands vestan Urriðakotsvatns.
Skipulagsnefnd telur ekki tímabært að fara að huga að breytingum á skipulagi svæðisins að svo stöddu þar sem að önnur verkefni eru í forgangi í skipulagi og uppbyggingu. Má þar nefna síðustu áfanga Urriðaholts, Hnoðraholt og Vetrarmýri, Miðsvæði Álftaness, Lyngássvæði og svæði umhverfis Hafnarfjarðarveg.
Í grein 3.1.5. í Aðalskipulagi Garðabæjar er gerð grein fyrir þeirri áfangaröð sem Garðabær hyggst vinna eftir í uppbyggingu og á hvaða svæði megináhersla verður lögð sem eru framangreind svæði. Auk þess er enn óljóst með hvaða hætti stofnbrautir á svæðinu verða útfærðar sem kallar á samráð við Hafnarfjarðarbæ, SSH og Vegagerðina.

**21. 2103469 - Herjólfsbraut, tenging við Álftanesveg. Bókun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar**

Lagt fram.

**22. 2103398 - Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Tillaga í auglýsingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010**

Vísað til umsagnar aðalskipulagsráðgjafa.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**
**29. fundur 2021**

Miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, formaður skólanefndar grunnskóla Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2101176 - Þróunarsjóður grunnskóla 2021**

   Dagskrá fundarins var úthlutun úr þróunarsjóði Garðabæjar 2021. Skólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði úr þróunarsjóði Garðabæjar kr. 14.000.000.-, í samræmi við reglur sjóðsins. Að þessu sinni bárust 16 umsóknir í sjóðinn sem allar voru teknar til afgreiðslu. Skólanefnd fagnar fjölda áhugaverðra umsókna sem bera vitni um metnaðarfullt skólastarf í Garðabæ.

2. **2102541 - Þróunarsjóður grunnskóla - 21. aldar hæfni fyrir nemendur og starfsfólk grunnskóla Garðabæjar**
3. **2103015 - Þróunarsjóður grunnskóla - Áhugasviðsverkefni**
4. **2103016 - Þróunarsjóður grunnskóla - Áfram strákar - Jákvæð strákamenning**
5. **2103017 - Þróunarsjóður grunnskóla - Þróun dagskipulags teymis (nemenda og kennara) án takmarkanna vegna m.a. kennsluskyldu kennara**
6. **2103018 - Þróunarsjóður grunnskóla - Gagnreyndir kennsluhættir í stærðfræðikennslu - handleiðsla kennara**
7. **2103019 - Þróunarsjóður grunnskóla - Orðskýringarmyndbönd í samfélagsgreinum**
8. **2103021 - Þróunarsjóður grunnskóla -Breyttir kennsluhættir og samþætting íslensku og samfélagsfræði á unglingastigi**
9. **2103023 - Þróunarsjóður grunnskóla -Fjölbreytt skólastarf - unnið gegn skólaleiða (líðan drengja í skóla).**
10. **2103024 - Þróunarsjóður grunnskóla - Fjölbreytt skólastarf - unnið gegn skólaleiða (líðan drengja í skóla).**
11. **2103022 - Þróunarsjóður grunnskóla - Lærdómssamfélag með áherslu á námsmenningu hæfnimiðas leiðsagnarnáms**
12. **2103047 - Þróunarsjóður grunnskóla - Litlu lestrarhestarnir framhald**
13. **2103048 - Þróunarsjóður grunnskóla - Leysum málið**

14. **2103034 - Þróunarsjóður grunnskóla - Verum vinir**

15. **2103049 - Þróunarsjóður grunnskóla - Allir vegir skóla-færir**

16. **2103162 - Þróunarsjóður grunnskóla - Skák í Sjálandsskóla**

17. **2103020 - Þróunarsjóður grunnskóla - Markvissir samráðsfundir til að leita lausna vegna málefna nemenda**

18. **2103376 - Þróunarsjóður grunnskóla - Frelsi í eigin líkama**

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Stjórn Hönnunarsafns Íslands**
**01. fundur 2021**

Þriðjudaginn 26. janúar 2021 kl. 15:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2010004HO - Dagatal 2021**

   Forstöðumaður kynnir dagskrá safnsins 2021. Safninu verður áfram skipt í þrjú sýningarrými: Aðal sýningarsal, Safnið á rönguni sem er opið rannsóknarrými og opna vinnustofu hönnuða í anddyri safnsins. Smiðjurými safnsins verður opið almenningi og þar komið fyrir leik- og fræðsluborði tileinkað og innblásið af hugarheimi og verkum Einars Þorsteins Ásgeirssonar (styrkt af Barnamenningarsjóði). Í tengslum við sýningar safnsins fara fram viðburðir og smiðjur af ýmsu tagi. Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins í samstarfi við Klifið heldur áfram.
   Í samvinnu við Menningarfulltrúa Garðabæjar verðu áfram lögð sérstök áhersla á fræðslu sem felur í sér leiðsögn og vinnustofu fyrir grunnskólabörn. Reiknað er með um 1200 börnum á árinu 2021.

2. **2101005HO - Rekstur 2020**

   Rekstur 2020 hefur farið 4% fram úr áætlun.

3. **2010005HO - Aðsóknartölur 2020**

   Fjöldi gesta árið 2020 voru 6297
   Safnið var lokað í tæpa þrjá mánuði á árinu.
   Til samanburðar þá voru gestir árið 2019 7093

4. **2101006HO - Samvinna við menningarfulltrúa**

   Ólöf Breiðfjörð kynnir samstarf við safnið og aðrar stofnanir Garðabæjar varðandi skólaheimsóknir, Vetrarhátíð og Barnamenningarhátíð 2021.

5. **2010001HO - húsnæði öryggismál 2020**

   Samkvæmt niðurstöðum skoðunar og úrbótarlista liggur fyrir gróf kostnaðaráætlun upp á 5m. Það þarf að fara í þessar úrbætur á árinu 2021.

6. **2101007HO - Samningar við Menntamálaráðuneytið**

   Eiríkur átti samtal við Menntamálaráðherra í síðustu viku. Vilji er fyrir að klára mál safnsins á þessu kjörtímabili. Málið varðar aukið framlag ríkisins til resktur Hönnunarsafns Íslands auk leiðréttingar á kostnaði sem hlaust af því þegar fallið var frá áætlun um byggingu safnahúss árið 2008. Ráðuneitinu hafa verið send umbeðin gögn og næsta skref er að starfsmenn ráðuneytisins fara yfir gögnin og í framhaldinu er gert ráð fyrir að gerð verði drög að samningi. Eiríkur hefur sent ráðuneytinu drög til að ýta við þeim.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Stjórn Hönnunarsafns Íslands**
**02. fundur 2021**

Þriðjudaginn 30. mars 2021 kl. 15:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

Ólöf Hulda Breiðfjörð komst ekki á fundinn.

1. **1903003HO - Húsnæðismál Hönnunarsafns Íslands**

   Stjórn Hönnunarsafns Íslands er sammála um að staðsetning safnsins við Garðatorg 1 sé mjög góð. Við torgið er mannlíf, veitingastaðir og næg bílastæði. Stjórn og forstöðumaður sjá fyrir sér að safnið verði staðsett hér áfram og að frekar verði hugsað til úrbóta og jafnvel algerrar umbreytingar á húsnæðinu heldur en að flytja annað eða byggja nýtt. Til skoðunar er að safnið fái um 150 fm til viðbótar. Með þessari viðbót verður möguleiki að ganga í hring um sýningarsali safnsins. Þetta myndi gerbreyta upplifun gesta, skapa svigrúm fyrir fastasýningu og um leið létta á varðveislurými sem er orðið fullt. Í tengslum við endurnýjun á leigusamningi mun Reginn skoða þessar óskir safnsins. Reginn hefur einnig verið send úttekt á brunavörnum sem og skýrslur um nauðsynlegar endurbætur á varðveislurými.

   Stækkun og endurbætur munu eflaust speglast í hærra leiguverði. Nú standa yfir viðræður milli Garðabæjar og Menntamálaráðuneytisins um rekstrarframlag og stofnkostnað. Framtíð safnsins er háð þessum samningum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
264. fundur heilbrigðisnefndar 29. mars 2021

Fundargerð

## Rekstrarmál

1.1. Ársskýrsla 2020

Lögð fram ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir árið 2020. Í skýrslunni er gert grein fyrir helstu verkefnum eftirlitsins á árinu og niðurstöðum úr eftirlitum og umhverfisvöktun á árinu.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir ársskýrslu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og felur framkvæmdastjóra að senda hana bæjarfélögunum til kynningar.*

1.2. Ársreikningur fyrir árið 2020

Lagður fram ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir árið 2020. Niðurstaða ársins var að rekstrargjöld voru 188 milljónir og voru 8 milljónum lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur voru 132 milljónir og voru þær 4 milljónir lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Framlög bæjarfélaganna til reksturs voru 55 milljónir.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir ársreikning Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með undirritun sinni. Reikningurinn er endurskoðaður og árritaður af KPMG ehf. og kemur fram í áritun þeirra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingum á handbæru fé á árinu 2020 í samræmi við lög um ársreikninga.*

## Skipulagsmál

2. Kolviðarhólslína 1.

Lagður fram tölvupóstur ásamt skýrslu frá Skipulagsstofnun dags. 2. mars 2021 þar sem fram kemur umsagnarbeiðni vegna Kolviðarhólslínu 1. Skýrslan lýsir áformum Landsnets um endurnýjun á Kolviðarhólslínu 1 milli tengivirkja sem eru á Kolviðarhól og Geithálsi. Umrædd framkvæmd er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar um hvort hún teljist matsskyld eða ekki. Hluti framkvæmdarsvæðis er innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

*Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis telur ekki þörf á að áformuð framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Af skýrslu má ráða að óverulegt rask á landi mun fylgja framkvæmdinni, verkefnið verði unnið á þeim tíma árs sem minnstar líkur eru á vandkvæðum vegna veðráttu og henni verði hagað í samræmi við niðurstöður áhættumats og þeim leyfum sem um hana muni gilda.*

## Starfsleyfi

## Garðabær

*3.1. Ásgarður, Garðabær – veitingastofa*

Lögð fram umsókn Bjarna Gunnarssonar, f.h. Aktu Taktu / Gleðiheimar ehf., kt. 681015-3610, dags. 25.02.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu við Ásgarð, Garðabæ. Eigendaskipti. Fasteignanr. 2069253.
Eftirlitsskýrsla dags. 15.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*3.2. Brekkugata 11, Garðabær -dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Jóns Sverrissonar, f.h. Víneri ehf., kt. 611220-0300 dags. 11.03.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Brekkugötu 11, Garðabæ. Fasteignanr. 2357297. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhóteli.
Eftirlitsskýrsla dags. 29.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis.*

*3.3. Gilsbúð 7, Garðabær – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Áslaugar Maríu Sigurbjargar, f.h. Dingull ehf.,(Bliss líkams- og snyrtistofa) kt. 641017-0940, dags. 23.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Gilsbúð 7, Garðabæ. Fasteignanr.2070185. Breyting á húsnæði.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.02.2021.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.03.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa .*

*3.4. Gilsbúð 7, Garðabær – þvottahús*

Lögð fram umsókn Jóhanns Sigurðssonar, f.h. SGJ ehf., kt. 561118-1400, dags. 04.03.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir þvottahús að Gilsbúð 7, Garðabæ. Fasteignanr.2070184. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.03.2021.
Eftirlitsskýrsla dags. 24.03.2021.
*Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um notkun fasteignar.*

*3.5. Skógarhæð 1, Garðabær -dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Hlyns Hreinssonar, f.h. MMV ehf., kt. 601102-2420 dags. 22.03.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Skógarhæð 1, Garðabæ. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhóteli.
Eftirlitsskýrsla dags. (er í vinnslu)
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis.*

## Hafnarfjörður

*3.6. Álhella 1, Hafnarfjörður – flutningur spilliefna og skyldur rekstur*

Lögð fram umsögn Jörgen Þórs Þráinssonar f.h. HP Gámar ehf. kt.490195-2039, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir flutning spilliefna og aðstöðu fyrir starfsmenn. Starfsemin er að Álhellu 1, Hafnarfirði.
Ný starfsemi.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*3.7. Breiðhella 12, Hafnarfjörður – járnsmiðja*

Lögð fram umsókn Ásdísar Karlsdóttur, f.h. Járnlist ehf., kt. 481015-0730, dags. 01.03.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir járnsmiðju að Breiðhellu 12, Hafnarfirði. Fasteignanr.2318820.
Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 18.03.2021.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.03.2021.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*3.8. Bæjarhraun 12, Hafnarfjörður – húðflúr*

Lögð fram umsókn Egils Björgvinssonar, f.h. Vatican art studio ehf., kt. 640417-1020, dags. 11.03.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húðflúrstofu að Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði. Fasteignanr.2074267. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.03.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkta notkun fasteignar.*

*3.9. Dalshraun 13, Hafnarfjörður - veitingastaður*

Lögð fram umsókn Bjarna Gunnarssonar, f.h. Gleðiheimar ehf., American Style kt. 681015-3610 dags. 25.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingastað að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2359961. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*3.10. Háibakki, vélsmiðja flotkví, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Eiríks Orms Víglundssonar, f.h. Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, dags. 11.12.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tveggja flotkvía fyrir málningar- og skipaviðgerðir við Háabakka í Hafnarfjarðarhöfn, Hafnarfirði. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags.25.01.2021.
Kynningartími áformaðs starfsleyfis var frá 18.02.2021-19.03.2021.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að úrbótum verði lokið fyrir 1. nóvember 2021.*

*3.11. Heiðvangur 26, Hafnarfjörður - dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sólveigar Jónsdóttur, f.h. Gnótt sf., kt. 441285-0439 dags. 23.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Heiðvangi 26, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2075244. Endurnýjun.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*3.12. Lækjargata 28, Hafnarfjörður - dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Bjarka Georgs Ævarssonar f.h. BSF Import ehf., kt. 631220-0530 dags. 10.03.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Lækjargötu 28, Hafnarfirði. Dreifing frá Górilla vöruhús. Ný starfsemi

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*3.13. Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Ásthildar Emblu Friðgeirsdóttur, f.h. N1 ehf (Ísey)., kt. 411003-3370, dags. 01.03.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun, að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði. Fasteignanr.2078636. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.03.2021.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.03.2021.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar.*

*3.14. Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður – veitingastaður*

Lögð fram umsókn Helena Bich Anh Phang, f.h. Thai Viet / Velox ehf., kt. 530809-0560, dags. 22.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað, að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Fasteignanr.2078673. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 23.02.2021.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.03.2021.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkta notkun fasteignar.*

*3.15. Selhella 13, Hafnarfjörður – bónstöð og hjólaleiga*

Lögð fram umsókn Oleksii Sytnikov, f.h. Alex Group ehf., kt. 470820-0630, dags. 22.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fjórhjólaleigu að Selhellu 13, Hafnarfirði. Fasteignanr.2359128.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.02.2021

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.02.2021.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar.*

*3.16. Suðurhella 10, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Magna Þórs Konráðssonar, f.h. Firring ehf., kt. 700101-2740, dags. 25.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir meindýraeyðingu að Suðurhellu 10, Hafnarfirði. Fasteignanr.2306825.

Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags.24.03.2021.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*3.17. Suðurhella 10, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Magna Þórs Konráðssonar, f.h. Stífluþjónustan ehf., kt. 4711952359, dags. 25.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir stíflulosun, röramyndun og meindýraeyðingu að Suðurhellu 10, Hafnarfirði. Fasteignanr.2306825.
Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags.23.03.2021.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*3.18. Vesturgata 4, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Silbene Dias, f.h. Food & Banquet ehf., kt. 580820-0850, dags. 08.03.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað, að Vesturgötu 4, Hafnarfirði. Fasteignanr.2080438. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 11.03.2021.
Eftirlitsskýrsla dags.29.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar.*

*3.19. Vesturgata 4, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Silbene Dias, f.h. Food & Banquet ehf., kt. 580820-0850, dags. 12.03.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsöluvagn með aðstöðu að Vesturgötu 4, Hafnarfirði. Fasteignanr.2080438. Ný starfsemi.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## Kópavogur

*3.20. Aðalþing 2, Kópavogur – leikskóli*

Lögð fram umsókn Sigurðar Þórs Salvarssonar, f.h. Leikskólans Aðalþing (Sigalda ehf)., kt. 611108-0950 dags. 05.03.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Aðalþingi 2, Kópavogi. Fasteignanr. 2311237. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 18.03.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

***3.21.*** *Akralind 8, Kópavogur*

Lögð fram umsókn Antons Smára Rúnarssonar, f.h. Líftækni ehf., kt. 620915-1490 dags. 16.03.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla að Akralind 8, Kópavogi. Breyting á starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 22.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfið samþykkt.*

*3.22. Álfhólsvegur 120, Kópavogur – grunnskóli*

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759 dags. 04.03.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla að Álfhólsvegi 120, Kópavogi. Fasteignanr. 2058344. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 22.03.2021.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*3.23. Bæjarlind 1-3, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Ákos Gelsi, f.h. Akos og Elva Ró slf., kt. 580321-1080 dags. 21.03.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir snyrtistofu að Bæjarlind 1-3, Kópavogi. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*3.24. Bæjarlind 2, Kópavogur - dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sylvíu D Briem Friðjónsdóttur, f.h. Normið miðlun ehf (Bohéme Húsið)., kt. 561120-2260 dags. 02.03.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla frá vöruhóteli. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*3.25. Dalvegur 4, Kópavogur – veitingastofa*

Lögð fram umsókn Bjarna Gunnarssonar, f.h. Gleðiheimar ehf, Saffran, kt.681015-3610, dags. 25.02.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Dalvegi 4, Kópavogi, Eigendaskipti. Fasteignanr. 2059490.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.03.2021.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*3.26. Furugrund 44, Kópavogur – matarvagn*

Lögð fram umsókn Nirosh S.R. Wijesundara, f.h. Hungry Viking ehf., kt. 520619-0890 dags. 02.03.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Furugrund 44, Kópavogi. Fasteignanr. 2060759. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.03.2021

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

*3.27. Hamraborg 6, Kópavogur – tónlistaskóli*

Lögð fram umsókn Árna Harðarsonar, f.h. Tónlistaskóla Kópavogs, kt. 660269-0299, dags. 15.03.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tónlistaskóla að Hamraborg 6, Kópavogi. Fasteignanr. 2250300. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.03.2021.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*3.28. Hjallabrekka 2, Kópavogur, – fiskbúð*

Lögð fram umsókn Haraldar Axels Gunnarssonar, f.h. SBFV ehf., kt. 550221-1010, dags. 24.02.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Hjallabrekku 2, Kópavogi, Ný starfsemi./Eigendaskipti. Fasteignanr. 2061523.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.03.2021.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*3.29. Kastalagerði 7, Kópavogur – sambýli*

Lögð fram umsókn Láru R. Sigurðardóttur, f.h. Ás Styrktarfélag, kt. 460599-2539 dags. 04.03.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis fyrir fatlaða að Kastalagerði 7, Kópavogi. Fasteignanr. 2063203. Endurnýjun.
*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*3.30. Kársnesbraut 102a, Kópavogur - dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Guðlaugs Steinarr Gíslasonar, f.h. Opus vín ehf., kt. 420120-0280, dags. 27.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla að Kársnesbraut 102a, Kópavogi. Fasteignanr. 2063113. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 23.03.2021.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 11.03.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 12.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

*3.31. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Birnu Kristrúnar Halldórsdóttur, f.h. Krúttís ehf., kt. 630221-1450, dags. 28.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.
Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags.19.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

*3.32. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Magnúsar Magnússonar, f.h. Emmson sveppir ehf., kt. 700709-0430, dags. 11.03.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.
Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags.22.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

*3.33. Nýbýlavegur 22, Kópavogur – veitingastofa*

Lögð fram umsókn Bjarna Gunnarssonar, f.h. Gleðiheimar ehf, American Style., kt. 681015-3610, dags. 25.02.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Nýbýlavegi 22, Kópavogi,
Eigendaskipti. Fasteignanr. 2064417.
Eftirlitsskýrsla dags. 19.03.2021.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*3.34. Ögurhvarf 4a, Kópavogur – tónlistaskóli*

Lögð fram umsókn Ólafs Þórs Kristjánssonar, f.h. Tónsalir ehf., kt. 660297-2519 dags. 17.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tónlistarskóla að Ögurhvarfi 4a, Kópavogi. Fasteignarnr. 2294962 og 2294963. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 24.02.2021.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.02.2021.
*Þar sem ekki liggur fyrir umsögn byggingafulltrúa er afgreiðslu starfsleyfis frestað.*

*3.35. Ögurhvarf 4a, Kópavogur – dansskóli IÞ*

Lögð fram umsókn Tinnu Karenar Guðbjartsdóttur, f.h. Dansfélagið Hvönn, kt. 541195-2549 dags. 17.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dansskóla að Ögurhvarfi 4a, Kópavogi. Fasteignarnr. 2294960. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 24.02.2021.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.02.2021.
*Þar sem ekki liggur fyrir umsögn byggingafulltrúa er afgreiðslu starfsleyfis frestað.*

## 4. Umsagnir

### Hafnarfjörður

*4.1. Ásvellir, Hafnarfjörður - samkomusalur, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.05.03.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélagsins Hauka, kt. 600169-0419, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingar í fl. III, að í Íþróttamiðstöð Hauka Ásvöllum, Hafnarfirði. fasteignarnr. 2258749.
*Mælt er með staðfestingu jákvæðrar umsagnar með vísun til starfsleyfis dags. 27.11.2017.*

*4.2. Dalshraun 13, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.03.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Glaðheima ehf., kt. 681015-3610, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús fl. II, að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. fnr. 235-9961.
*Mælt er með jákvæðri umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 29.03.2021.*

*4.3. Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.24.02.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Thai Viet/Velox ehf., kt. 530809-0560, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingar í fl. II, að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. fasteignarnr. 207-8673.
*Mælt er með jákvæðri umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 29.03.2021.*

*4.4. Vesturgata 4, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.18.03.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Food & Banquet ehf, kt. 580820-0850 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, að Vesturgötu 4, Hafnarfirði.
fasteignarnr. 2080438.
*Mælt er með jákvæðri umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 29.03.2021.*

*4.5. Víkingastræti 2, Hafnarfjörður - samkomusalur, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.11.03.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Gaflaraleikhúsið ehf, kt. 690910-0390 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, að Víkurstræti 2, Hafnarfirði.
fnr. 2079479.
*Mælt er með jákvæðri umsögn með vísun til starfsleyfis með gildistíma til dags. 24.10.2022.*

### Kópavogur

*4.6. Vesturvör 44, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.03.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sky Lagoon ehf., kt. 650219-0580, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingar í fl. II, að Vesturvör 44, Kópavogi. fnr. 234-8829.
*Mælt er með jákvæðri umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 01.03.2021.*

## 5. Tóbaksleyfi

*5.1. Ásgarður, Garðabær – matvöruverslun*

Lögð fram umsókn fyrir Glaðheimar ehf., kt. 681015-3610, dags. 25.02.2021 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Aktu Taktu, Ásgarði, Garðabæ.
*Leyfisveiting staðfest.*

## 6. Annað

*6.1. Umhverfisvöktun á vegum Rio Tinto á Íslandi árið 2020*

**Mælingar á loftgæðum á Hvaleyrarholti**

Lögð fram skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (höf. Hermann Þórðarson) *Umhverfisvöktun Hvaleyrarholti - Mælingar í lofti (Mæligögn 2020)*. Skýrslan er unnin fyrir Rio Tinto á Íslandi sem hluti af umhverfisrannsóknum sem kveðið er á um í starfsleyfi álversins í Straumsvík. Samkvæmt starfsleyfi skal rekstraraðili framkvæma reglubundnar mælingar á styrk brennisteinstvíoxíðs ($SO_2$) og flúoríðs (FJ og F í ryki) í andrúmslofti. Í skýrslunni er einnig fjallað um mælingar á brennisteins-vetni ($H_2S$) og nituroxíðum ($NO_x$).
Vöktunaráætlun álversins skal samþykkt af leyfisveitenda, Umhverfisstofnun.
Helstu niðurstöður voru að styrkur svifryks, brennisteinsvetnis og nituroxíða lækkaði frá fyrra ári en styrkur flúors og brennisteinstvíoxíðs var áþekkur. Mælingar sýndu að styrkur ofangreindra efna fór aldrei yfir umhverfismörk og var allvel undir slíkum mörkum í mörgun tilvikum. Ástæður lækkunar er að mestu rakin til minni umferðar á árinu 2020 og til veðurfars

en árið 2020 var frekar illviðrasamt og suðvestan áttir voru meira einkennandi en undangengin ár.

**Mælingar á flúor í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi**

Lögð fram skýrsla Hafrannsóknastofnunar, Efnagreiningar (höf. Dr. Kristmann Gíslason) *Flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi (Mæligögn 2020).* Skýrslan er unnin fyrir Rio Tinto á Íslandi sem hluti af umhverfisrannsóknum sem kveðið er á um í starfsleyfi álversins í Straumsvík.

Vöktunaráætlun álversins skal samþykkt af leyfisveitenda, Umhverfisstofnun.

Í skýrslu er fjallað um mælingar á árinu á styrk flúors í gróðri (grasi, laufi, og barri) og á vatni úr Kaldá. Niðurstöður sýna flúor innihald í lægra meðaltali í öllum mælihólfum ef mið er haft við árin frá 1992. Að öll mæligildi utan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar eru undir viðmiðunargildum um þolmörk grasbíta.

*Heilbrigðisnefnd óskar eftir því að fá tímanlega til umsagnar vöktunaráætlun álversins áður en hún fær samþykki Umhverfisstofnunar. Nefndin telur nauðsynlegt að við þessi tímamót, þ.e. eftir hálfrar aldar samfelldan rekstur og við endurskoðun á starfsleyfi fyrirtækisins að áætlun þess um umhverfisvöktun fái rýni óháðra sérfræðinga. Það á við staðsetningu og fjölda mælistöðva fyrir loftmengandi efni en ekki síður með vísan til nýlegrar rannsóknar um framkvæmd rannsókna á flúor magni í gróðri. Óskin er ekki síst sett fram með vísan til einhliða ákvörðunar umhverfis- og auðlindaráðuneytis um að breyta skilgreiningum í skipulagi.*

*6.2. Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.*

Lögð fram ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2020. Framkvæmdastjórnin sem kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar yfir lögsögumörk heilbrigðisnefnda. Í skýrslunni er farið yfir helstu verkefni ársins.

*6.3. Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Nefndarsvið Alþingis f.h. Umhverfis- og samgöngunefndar óskaði eftir umsögn heilbrigðisnefndar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998.

*Heilbrigðisnefnd telur að flest ákvæði lagafrumvarpsins séu þess eðlis að þau styrki lögin og séu þarfar breytingar. Þó gerir nefndin athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins og leggur nefndin til að hún verði felld úr frumvarpinu. Forsenda þess er að heilbrigðisnefndir hafa haft eftirlit með meðhöndlun úrgangs um langt árabil. Í greinagerð með frumvarpinu er fullyrt að í framkvæmd hafi komið í ljós óskýrleiki í tengslum við hvaða stjórnvaldi beri að annast starfsleyfisútgáfu og eftirlit, þ.e. hvort Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd hafi það hlutverk. Að mati heilbrigðisnefndar hefur ekki verið óskýrleiki um þetta atriði og er það að mati nefndarinnar skynsamlegra að kveða fastara að orði um að heilbrigðisnefndir hafi það hlutverk að hafa eftirlit með meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd leggur því til að gr. 8 í breytingarfrumvarpi á lögum nr.7/1998 verði felld út úr frumvarpinu. Endurskoðun löggjafarinnar er þörf, en nefndin sér enga þörf á að flytja eftirlitsverkefni frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til ríkisstofnunar áður en sú endurskoðun fer fram.*

| | |
|---|---|
| Jón Haukur Ingvason | Linda Hrönn Þórisdóttir |
| Sigurður Grétarsson | Gnýr Guðmundsson |
| Ingibjörg Hauksdóttir | Elínbjörg Ingólfsdóttir |

**SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Ár 2021, miðvikudaginn 17. mars 2021 haldinn 391. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:35.
Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.
Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 8. mars 2021 þar sem vísað er til umsagnar samstarfsnefndarinnar bókanir frá bæjarráðum Seltjarnarness og Kópavogs um framkvæmdir á skíðasvæðum.
Málið rætt og samþykkt að funda með Skíðaráði Reykjavíkur.

2. Áframhaldandi umræður um fjárfestingaráætlun.
Fjárfestingaráætlun fyrir árið 2021 samþykkt.

    - kl. 09:45 vék sviðsstjóri ÍTR af fundi.

3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 15. mars 2021 um stöðuna í fjöllunum. 49 daga hafa verið lögð gönguspor, 44 daga opið fyrir æfingar í lyftum og 19 dagar opið fyrir almenning. Grímuskylda gesta hefur verið afnumin utandyra. Öll kortasala hefur færst yfir á netið. Ekki hefur verið opnað í Skálafelli vegna snjóleysis.

4. Lögð fram drög að rekstrarniðurstöðu skíðasvæðanna 2020.

5. Framkvæmdastjóri upplýsti um fund sem haldinn var með formanni skíðaráðs Reykjavíkur og formanni Ullunga.

Fundi slitið kl. 10:15.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Björg Fenger

fsk. með fundargerð
Bréf SSH dags. 8. mars 2021
Minnisblað framkvæmdastjóra dags. 15. mars 2021
Drög að rekstrarniðurstöður skíðasvæðanna 2020

**FUNDARGERÐ 444. FUNDAR STJÓRNAR SORPU**

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 26. febrúar 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:02. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjarfundur á Teams.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

**Gestir:** Lárus Finnbogason frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton sitja fundinn undir lið 1.

Ágúst Bjarni Garðarsson víkur af fundi klukkan 15:10 eftir umræður um lið 6.

**Tekið fyrir**

**1. Afgreiðsla ársreiknings 2020**

Theodór S. Sigurbergsson gerir grein fyrir ársreikningi SORPU fyrir árið 2020. Lárus Finnbogason gerir grein fyrir umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um ársreikning SORPU. Endurskoðunarskýrsla er lögð fram til kynningar.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

> *Stjórn SORPU samþykkir ársreikninginn og þakkar starfsfólki fyrir að hafa með elju og vinnusemi lagt hart að sér að ná þessari niðurstöðu. Enginn vafi leikur á rekstrarhæfi SORPU og áfram verður haldið vel utan um rekstur byggðarsamlagsins SORPU.*

**2. Janúaruppgjör 2021**

Guðrún Eva Jóhannesdóttir gerir grein fyrir uppgjöri janúarmánaðar.

**3. Skýrsla framkvæmdastjóra – staða og horfur í rekstri**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

**4. Minnisblað – Útflutningur á brennanlegum úrgangi**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um útflutning á brennanlegum úrgangi.

**5. Minnisblað – Ný pökkunarvél**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um kaup á pökkunarvél til að pakka inn böggum. Kaup á pökkunarvél rúmast innan fjárfestingaráætlunar 2021.

**6. Gjaldskrármál umræða**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu gjaldskrármála.

Stjórn SORPU bókar:

Fullgild rafræn undirskrift
BIRKIR JÓN JÓNSSON
2021-03-15 13:49:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁGÚST BJARNI GARÐARSSON
2021-03-15 15:09:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
LÍF MAGNEUDÓTTIR
2021-03-08 09:21:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON
2021-03-08 09:47:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR
2021-03-08 10:48:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓNA SÆMUNDSDÓTTIR
2021-03-08 11:02:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

*Stjórn SORPU, framkvæmdastjórn og ráðgjafar hafa í endurskipulagningu félagsins farið í saumana á öllum gjaldskrám svo þær séu í samræmi við þær skyldur sem hvíla á SORPU á grundvelli laga um meðferð úrgangs. Stjórn telur að gjaldskrána skuli reglulega endurskoða til að tryggja að þær séu í samræmi við lögin.*

**7. Umsögn SORPU um drög umhverfisráðherra að stefnu á meðhöndlun úrgangs 2021-2032 (mál 6/2021)**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir umsögn SORPU um stefnu um meðhöndlun úrgangs.

**8. Staðan á samstarfi við Ými Technologies**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á samstarfi við Ými Technologies.

**9. Staðan í dómsmálum á hendur félaginu**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á dómsmáli ÍAV á hendur SORPU. Formaður stjórnar gerir grein fyrir stöðu dómsmáls Björns H. Halldórssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra, á hendur SORPU. Aðalmeðferð í máli Björns er ákveðin 30. september 2021.

**10. Önnur mál**

Fyrirspurn Theodóru S. Þorsteinsdóttur, bæjarfulltrúa í Kópavogi, um fyrirkomulag rekstrar Endurvinnslustöðva borin upp. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um málið og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

**11. Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður samkvæmt starfsáætlun stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:41

SORPA

**FUNDARGERÐ 445. FUNDAR STJÓRNAR SORPU**

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 12. mars 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjarfundur á Teams.

**Fundarstjóri**: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt**: Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kristinn Andersen í forföllum Ágústs Bjarna Garðarssonar og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

**Gestir:** Lárus Finnbogason endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, Auðbjörg Friðgeirsdóttir endurskoðandi hjá PWC og Jón Sigurðsson endurskoðandi hjá PWC, undir lið 1.

**Tekið fyrir**

1. **Skýrsla innri endurskoðunar (PWC) lögð fyrir stjórn**

   Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón Sigurðsson gera grein fyrir skýrslu innri endurskoðunar PwC 2020.

2. **Vinna við endurskoðun á gjaldskrá SORPU kynnt**

   Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir vinnu við endurskoðun á gjaldskrá SORPU.

3. **Minnisblað um aukna flokkun og gjaldtökuheimildir endurvinnslustöðvanna**

   Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um aukna flokkun og nýjar reglur á endurvinnslustöðvum SORPU.

   *Jóna Sæmundsdóttir víkur af fundi 15:44 eftir umræður um lið 3.*

4. **Staðan á undirbúningi á sérsöfnun á lífúrgangi**

   Stjórn ræðir stöðu á undirbúningi á sérsöfnun á lífúrgangi.

   *Frestað.*

5. **Spillivagninn – umræða**

   *Frestað.*

6. **Næsti fundur**

   Næsti fundur er boðaður samkvæmt starfsáætlun stjórnar.

   Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:57

Fullgild rafræn undirskrift
KRISTINN ANDERSEN
Kennitala: 070958-2609
2021-04-09 16:42:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON
Kennitala: 080560-3709
2021-04-06 09:35:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓNA SÆMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 190358-2169
2021-04-06 09:44:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR
Kennitala: 190867-5369
2021-04-06 09:47:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
LÍF MAGNEUDÓTTIR
Kennitala: 130874-6069
2021-04-06 12:28:34 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Stjórn SSH
# 522. fundur

Miðvikudaginn 31. mars 2021, kl. 10:00, komu framkvæmdastjórar þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að samningi um akstursþjónustu fatlaðra saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu:, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. **Akstursþjónusta fatlaðs fólks** / *málsnr. 1711002*

   Fyrirliggjandi eru tillaga stjórnar akstursþjónustunnar vegna beiðni Hópbíla til framkvæmdastjóra Strætó bs. þar sem farið er fram á styrk vegna áhrifa Covid-19 á áætlaðar tekjur. Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., er gestur fundarins undir þessum lið.

   **Niðurstaða fundar:**

   Stjórn akstursþjónustunnar falin fullnaðarafgreiðsla á beiðni Hópbíla hf. í samræmi við fyrirliggjandi tillögu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:20

***Stjórn Reykjanesfólkvangs***
*kt. 581280-0419*
*Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík*

***Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 10. mars 2021.***
Fundur var fjarfundur kl. 16.00

**Mættir:** Líf Magneudóttir, formaður, Andri Steinn Hilmarsson, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Guðlaugsson, Guðmundur Grétar Karlsson og Steinunn Árnadóttir.

Einnig sátu fundinn Óskar Sævarsson, René Biazone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

**1. Jarðhræringar á Reykjanesskaga**
Rætt um jarðhræringar og mögulegt gos í eða við fólkvanginn og áhrif á fólkvanginn.
Grjóthrun varð á Djúpavatnsleið í skjálftanum í okt sl. og einnig hrundi og komu sprungur í Krýsuvíkurbjargi. Djúpavatnsleið var lokað í hrinunni sem nú dynur yfir. Vakta þarf fleiri leiðir sem leiða nær mögulegum gosstað.
Landvörður er tengdur almannavarnarteymi.

Fundi slitið 16:50

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 337. fundur

Föstudaginn 12. mars 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:00.

**Mætt voru:**

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfsdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Sigríður Harðardóttir (SH), sviðstjóri mannauðs- og gæðamála, sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

1. Áhættumat
2. Niðurstöður árangursmats
3. Árs/aðalfundur Strætó
4. Útvistunarmál
5. Vinnustaðagreining
6. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk
7. Önnur mál.

**Tekið fyrir:**

### 1. Áhættumat.

Elísa Kristmannsdóttir, deildarstjóri fjármála, kom á fundinn og fór yfir áhættustýringarskjal og áhættustefnu Strætó. Búið er að uppfæra áhættustýringarskjal og yfirfara með stjórnendum. Enn er áhætta á að rekstrar- og fjárfestingaráætlun ársins gangi ekki eftir og hefur áhætta tengd aldri vagnaflota Strætó aukist.

### 2. Niðurstöður árangursmats

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála, kynnti niðurstöðu árangursmats stjórnar.

### 3. Árs/aðalfundur Strætó.

Ákveðið að í ljósi samkomutakmarkana að fresta ársfundi Strætó 2021 til haustsins.

### 4. Útvistunarmál

Fyrir fundinum lá vinnuskjal stjórnenda Strætó bs. um útivistun á akstri og næstu skref í því máli. Stjórn leggur til að málið verði tekið til nánari og áframhaldandi umræðu á næsta fundi.

### 5. Vinnustaðagreining

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðasviðs, fór yfir niðurstöður vinnustaðagreiningar sem gerð var meðal starfsmanna Strætó í febrúar 2021 ásamt næstu skrefum í tengslum við hana.

## 6. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Tilboð voru opnuð þann 11. febrúar 2021 í EES útboði Strætó bs. nr. 15073 á verkefninu *Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu – Rammasamningur um akstur með fatlað fólk og aldraða einstaklinga með leigubifreiðum.*
Fyrir fundinum lá minnisblað frá Mannviti dagsett 10. mars 2021 vegna yfirferðar á tilboðum. Eitt tilboð barst í verkefnið, frá Hreyfli og hljóðaði það upp á 95,9% af kostnaðaráætlun.
Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Hreyfil á grundvelli tilboðs þeirra.

## 7. Önnur mál

Formaður stjórnar óskaði eftir umræðu um aðgengismál fólks með fötlun í kjölfar atviks þar sem ekki reyndist unnt að nota hjólastólaramp strætisvagns.
Stjórn leggur áherslu á mikilvægi aðgengis fólks með fötlun og felur framkvæmdastjóra að leggja fram greinargerð þess efnis á næsta stjórnarfundi.

Fundi slitið kl. 13:00.

| | |
|---|---|
| Hjálmar Sveinsson | Karen Halldórsdóttir |
| Helga Ingólfsdóttir | Ásgeir Sveinsson |
| Sigrún Edda Jónsdóttir | Gunnar Valur Gíslason |

15. apríl 2021

**Tillaga**

**Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela bæjarstjóra, í samráði við menningarfulltrúa og menningar- og safnanefnd, að útfæra sumarstörf fyrir ungmenni þar sem markmiðið er að varðveita sögulegar myndir frá Garðabæ. Það verði annars vegar gert með því að safna saman myndum og myndefni úr Garðabæ frá fyrri tíð og hins vegar með því að gera efnið aðgengilegt fyrir almenning og ekki síst skólanemendur.**

Greinargerð:

Í Garðabæ viljum við tryggja sem allra best að sagan og menningin varðveitist sem best og gera íbúum, yngri sem eldri, kleift að upplifa samfélagið eins og það var áður.

Garðabær á verðmætt ljósmyndasafn sem mikilvægt er að sé aðgengilegt, það er m.a. gert á ljósmyndavef bæjarins sem er í stöðugri þróun. Þá geyma söguritin Saga Garðabæjar og Álftanessaga margar frábærar myndir sem lýsa vel húsagerð, skipulagi og mannlífi á fyrri árum.

Haustið 2018 efndu menningar- og safnanefnd og Bókasafn Garðabæjar til ljósmyndasýningarinnar „Garðabær 2018 – 100 ára fullveldi Íslands" og óskuðu eftir ljósmyndum frá íbúum bæjarins úr daglegu lífi í Garðabæ í tilefni af aldaramæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands 1. desember það sama ár. Sýningin endurspeglaði þann auð sem býr í gömlum myndum.

Bæjarbúar sjálfir eiga í sínum fórum mikið safn mynda, sem mikilvægt er að varðveita með eins skipulegum hætti og unnt er. Í vetur settu nokkrir bæjarbúar á stofn Facebook hópinn „Garðahreppur fyrir 1980, myndir af húsum, fólki, og saga þeirra". Á þeim vettvangi hafa birst margar mjög áhugaverðar myndir sem sýna vel hús, hverfi, landslag og mannlíf eins og það var í Garðahreppi. Það er við hæfi að Garðabær styðji við þetta góða framtak íbúanna með því að leggja sitt af mörkum til að myndefni úr Garðabæ varðveitist á skipulegan hátt og verði aðgengilegt bæjarbúum.

Það er sannfæring okkar að öflugt ungt fólk í sumarstarfi hjá bænum geti lagt sitt af mörkum til að gamalt þjóðfræðilegt efni lifi áfram. Eins teljum við að unga fólkið hafi hugmyndaauðgi og kraft til að finna nýjar og spennandi leiðir til að miðla þessu efni og halda því lifandi.

**Almar Guðmundsson**

**Gunnar Valur Gíslason**